


☒ Re: Beiðni um umsögn

Búið til	6.8.2021 11:42:44
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	6.8.2021 11:42:43
Tilheyrir	 202106-0022 - Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Geysi, umsögn

Efni

Re: Beiðni um umsögn

Upplýsingar

Sent	6.8.2021 11:42:43	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	thordis.sigthorsdottir@umhverfisstofnun.is

Innihald

<p>Sæl Þórdís,</p> <p>Hér á eftir í tölvupóstinum fylgir umsögn Náttúrufræðistofnunar um stjórnunar- og verndaráætlunina.</p> <p>Við lesturinn þá vildu sérfræðingar okkar gera nokkrar orðalagsbreytingar um textann sem kom frá okkur um náttúrufar svæðisins. En okkur fannst ekki passa að láta þær vera hluti af formlegu umsögninni. Þess vegna læt ég fylgja með í viðhengi skjal með þeim tillögum að orðalagsbreytingum. Það eru nokkrar tillögur um textann í innganginum líka. En já þær orðalagsáendingar eru sem sagt ekki hluti af okkar formlegu umsögn sem fjallar meira um efnisleg atriði.</p> <p>Með kveðju,</p> <p>Snorri</p> <p>Hér er umsögnin:</p> <p>Tilvísun í mál nr. 202106-0022 (SS).</p> <p>Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun dags. 10. júní 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Geysi.</p> <p>Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsagnir og ýmsar upplýsingar er varða náttúruvættið m.a. upplýsingar um verndargildi svæðisins fyrir undirbúning friðlýsingarinnar árið 2017 og nú síðast í maí 2021 efni fyrir stjórnunar- og verndaráætlunina, einkum fyrir kafla 2.2 um náttúruminjar svæðisins.</p>
--

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér stjórnunar- og verndaráætlunina og telur að í henni sé fjallað um helstu viðfangsefni sem máli skipta er varða náttúruvættið en stofnunin gerir athugasemdir við nokkur efnisatriði og eru þær eftirfarandi:

Í umfjöllun um náttúrufar mætti bæta við umfjöllun um fugla að í athugun á fuglalífi frá 2009 (Ásrún Elmarsdóttir o.fl. – Microsoft Word - Skýrsla_samantekt_v03.docx (ni.is) (<https://utgafa.ni.is/skyrslur/2009/NI-09015.pdf>)) fundust allt að 28 tegundir varpfugla og votlendisfuglar þar í meirihluta. Þar er hins vegar um stærra svæði (allt að 5 km²) að ræða en friðlýsta svæðið í dag er.

Í umfjöllun um skógrækt er fjallað um skógrækt á jörðinni Haukadal I utan friðlýsta svæðisins og um tvo skógræktarreiti í landi Lauga sem þ.a.l. eru innan náttúruvættisins. Greint er frá því að birki sé að sá sér víða m.a. inn á Geysissvæðið. Athuganir sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar á vettvangi benda til þess að stafafura og alaskaösp hafi einnig sáð sér á svæðinu m.a. úr trjáreitum innan girðingar við hverasvæðið. Mikilvægt er að komið sé í veg fyrir útbreiðslu framandi trjátegunda út fyrir skilgreinda skógræktarreiti og sérstaklega þarf að gæta hverasvæðisins.

Þá ætti að skilgreina í stjórnunar- og verndaráætlun skýrari stefnu um mikilvægi þess að skóg- og trjárækt sé stýrt þannig að hún ógni ekki verndargildi hverasvæðisins. Umfjöllun í kafla 3.4.1 mætti bæta hvað þetta varðar.

Kafli 2.5 um ógnir er frekar stuttur, það mætti útskýra betur í hverju ógnirnar felast þ.e.a.s. hvernig náttúruminum svæðisins stafi ógn af þeim.

Á korti sést að það er einnig bílastæði við Haukadalsveg en það er ekki minnst á það í texta við lið 2.6.4.

Í kafla 2.7 um öryggismál segir að stígar séu oft hállir. Líklegt er að mól eða sandi sé nú dreift á stíga í hálfu. Mölin virðist sópast/eða er sópað af stígnum og niður í gróðurlendið neðan hans, þ.m.t. inn á jarðhitavistgerðir. Hana þyrfti að hreinsa og færa út af svæðinu fremur en að sópa henni inn í gróið land neðan stígs. Með aukinni stígagerð (upplifunarsstígum) þarf að gæta að því að þetta verði ekki aukið vandamál.

Í kafla 3.2 um markmið verndun náttúruminja segir að stefna skuli að því að „standa vörð um jarðhita svæðisins eins og kostur er... [og að] óheimilt [sé] að breyta vatnshæð eða vatnsflæði um svæðið“. Náttúrufræðistofnun bendir á mikilvægi þess að tryggt sé að áætluð innviðauppbýgging sem greint er frá í kafla 3.6.5 og er ætlað að stýra betur umferð ferðamanna um svæðið m.a. með gerð nýrra göngustíga og sérstaks áhorfendasvæðis, valdi ekki því að eðlilegt vatnsflæði hindrist á tilteknum svæðum. Þetta á ekki síst við um steiptan aðalstíg sem gæti hindrað að afrennslisvatn renni frá hverum og þar með eðlilega hrúðurmyndun við heitt afrennslisvatn. Ef nýmyndun hverahrúðurs hættir þá veðrast hrúðrið sem fyrir er og það brotnar upp og gróður nemur frekar land. Tryggja þarf því eðlilegt rennsli afrennslisvatns alls staðar þar sem það á við. Huga þarf að þessu við hönnun og framkvæmd innviða og mikilvægt að taka það skýrt fram í stjórnunar- og verndaráætlun.

Að sama skapi þarf að tryggja að innviðauppbýgging ógni ekki fundarstöðum sjaldgæfra plantna sem eru sumar á valista t.d. laugadepla og naðurtunga. Sérstaklega er hætta á þessu við Þykkuhverfi og í Geysisgili. Nefna ætti sérstaklega í stjórnunar- og verndaráætluninni mikilvægi þess að kortleggja og vakta fundarstaði þessara plantna til að tryggja að þeim sé ekki ógnað af raski vegna innviðauppbýggingar. Vísu má í hlutverk Náttúrufræðistofnunar við vöktun í því sambandi.

Almennt telur Náttúrufræðistofnun að áformuð innviðauppbýgging (ef miðað er við gildandi deiliskipulag) sé ansi stórtæk miðað við hvað svæðið er lítið og jarðminjar og gróður innan þess afar viðkvæmar. Stígar eru margir og sumir mjög breiðir. Þá eru áform áhorfendasvæði við Strokk og um einhvers konar sýningarbúnað á útsýnisstaðnum við Geysi. Mikilvægt er að vernda svæðið gegn átroðningi ferðafólks en innviðauppbýggingin má ekki yfirgnæfa svæðið og alls ekki valda raski á t.d. jarðhitagróðri eða koma í veg fyrir eðlilega myndun jarðhitamyndana. Mikilvægt er að stjórnunar- og verndaráætlunin búi yfir stjórnartækjum til að fylgjast með og grípa inn í ef innviðauppbýgging er farin að draga úr verndargildi svæðisins.

Í kafla 3.2.2. er gefin heimild fyrir því að fjarlægja gróður sem ógnar verndargildi jarðminja. Þetta er mikilvæg aðgerð en taka verður fram að það má ekki eiga við um gróðurfar, vistgerðir og plöntutegundir sem eru einkennandi fyrir jarðhitasvæðið.

Í kafla 3.6.3. segir að gæludýr skuli vera í taumi. Náttúrufræðistofnun telur ekki ástæðu til að leyfa gæludýr inni á jarðhitasvæðinu nema um þjónustudýr sé að ræða.

Í kafla 3.6.5 um gönguleiðir segir jafnframt að merktir verða sérstaklega göngustígar fyrir rafskutlur og rafknúna hjólastóla. Náttúrufræðistofnun veltir fyrir sér hvort ástæða sé að heimila umferð rafskutla nema um sé að ræða farartæki sem eru nauðsynleg fyrir aðgengi einstaklinga. Það mætti koma skýrar fram að um slík farartæki sé að ræða en ekki allar rafskutlur. Forðast ætti að leyfa umferð vél- eða rafknúinna farartækja að óþörfu því vélknúinni umferð fylgir aukin hætta á raski á viðkvæmum jarðminjum og jarðhitagróðri.

Í kafla 3.6.9 segir að engar sérstakar sorptunnur verði á svæðinu. Náttúrufræðistofnun telji að það megi skoða að sorptunnur séu við innganga að svæðinu til að minnka líkur á að rusli sé hent innan þess.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Þórdís Björt Sigþórsdóttir" <thordis.sigthorsdottir@umhverfisstofnun.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC: "Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI" <Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is>
Subject: Beiðni um umsögn
Date: 11.6.2021 10:28:07

Ágæti umsagnaraðili,

Undanfarið hafa fulltrúar Umhverfisstofnunar og Bláskógabyggðar unnið að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Geysi.

Tillaga að áætluninni hefur nú verið lögð fram til kynningar á heimasíðu Umhverfisstofnunar:

<https://ust.is/nattura/stjornunar-og-verndaraaetlanir/stjornunar-og-verndaraaetlanir-i-kynningarferli/geysir/> (<https://ust.is/nattura/stjornunar-og-verndaraaetlanir/stjornunar-og-verndaraaetlanir-i-kynningarferli/geysir/>)

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillöguna.

Frestur til að skila umsögn er til **6. ágúst 2021**.

Sjá nánar í viðhengi.

Bestu kveðjur, Best regards

Pórdís Björt Sigþórsdóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

Stjórnunarogverndaráætlun_Geysir_drög - Orðalagsábendingar frá NÍ.pdf (3 MB)

image002.png (5 KB)

image001.png (3 KB)